

6. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 15, þriðjudaginn 18.maí 2021.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Valdimar Víðisson, Anna Karen Svövdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu, Guðmundur Sverrisson, frá fjármálasviði og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Umsögn frá Ráðgjafarráði fatlaðs fólks.

Farið yfir umsögn Ráðgjafarráðs frá 29.apríl s.l. varðandi stuðningsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar. Eftirfarandi kemur fram í umsögninni:

- *Almenn ánægja er með ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Þjónustan er persónulegri og aðgengilegri fyrir notendur.*
- *Í málefnum fatlaðs fólks sem nýta sér stuðningsþjónustu í formi liðveislu/heimaþjónustu vantar upplýsingaflæði á milli sveitarfélagsins og notendans í formi skráninga á tímafjölda. Í dag þurfa liðveitendur ekki að fá kvittun frá notendum fyrir þeim tímum sem starfað var í hverjum mánuði. Það getur orðið til þess að notendur eru jafnvel ekki að fá alla þá tíma sem þeir eiga rétt á í þjónustu þó svo þeim sé sannarlega skilað inn af þjónustuaðilum.*
- *Tíð ráðgjafaskipti hjá Hafnarfjarðarbæ hafa reynst notendum þjónustunnar erfið. Langur biðtími skapast gjarnan þegar beðið er eftir nýjum ráðgjafa.*
- *Samskiptaflæði frá þjónustuveri til ráðgjafa virðist ekki virka sem skildi. Mikið er um það að notendur hringi inn í þjónustuver til að reyna að ná sambandi við ráðgjafa sinn. Erfitt er að ná símasambandi við ráðgjafa og sjaldan hringt til baka.*
- *Notendaráð leggur áherslu á að frumkvæðiskylda skuli alltaf höfð að leiðarljósi í starfi stuðningsþjónustu. Í 32 grein í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir:*
Frumkvæðisskylda.
Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði að því að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera því grein fyrir rétti sínum samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra. Sveitarfélag skal kynna umsækjanda þá þjónustu sem hann á rétt á og leiðbeina um réttarstöðu hans, m.a. ef hann á rétt á annarri þjónustu í stað þeirrar sem sótt er um eða til viðbótar henni.
- *Notendaráð leggur einnig ríka áherslu á virðing fyrir sjálfsákvörðunarrétti fatlaðs fólks sé ávallt virt þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á hagsmuni þess og daglegt líf.*

Starfshópurinn þakkar Ráðgjafarráðinu fyrir góða umsögn.

Umræða varð um aðgengi að þjónustunni, form umsókna o.fl. Kominn er tími til að endurskoða umsóknir á heimasíðu sveitarfélagsins og gera aðgengilegri fyrir notendur.

2. Kostnaðargreining þjónustunnar.

Guðmundur Sverrisson, frá fjármálasviði fór yfir kostnað við ræstingar og samanburð á eigin starfsemi og aðkeyptri þjónustu. Heildarkostnaður sveitarfélagsins við heimaþjónustu eldri borgara og fatlaðs fólks er tæpar 236 millj. króna á ári. Þrifum á

160 heimilum er útvistað til Daga og er kostnaður vegna þeirrar þjónustu um 35 milljónir á ári. Samvinnan hefur verið góð við fyrirtækið sem mætti efla enn frekar með notkun Currón kerfisins sem notað er í stuðningsþjónustu Hafnarfjarðar. Starfshópurinn leggur til að skoðað verði hvort ástæða er til að fjölga heimilum í útvistun. Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu telur að heppilegt væri að útvista 40 heimilum í viðbót þar sem einungis er þörf á þrifum. Starfsfólk sveitarfélagsins hefði þá svigrúm til að veita öflugri stuðningsþjónustu. Rætt um greiðsluþátttöku notenda sem er mjög hófleg og lagt er til að farið sé nánar yfir þann þátt. Einnig var vakin athygli á því að eins og fyrirkomulagið er nú þá er greitt tímagjald fyrir þjónustuna en hægt væri að fara þá leið að greiða fyrir þrif á heimili.

3. Vinna starfshóps deildarstjóra í stoðþjónustu að reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fullorðna.

Deildarstjórar stuðnings- og stoðþjónustu á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar hafa unnið að reglum um þjónustuna fyrir fullorðna. Sjöfn fór yfir vinnuna og þau drög að reglum sem nú liggja fyrir. Starfshópurinn fer yfir drögin á milli funda og kemur með athugasemdir á næsta fund.

Næsti fundur starfshópsins verður þriðjudaginn 1.júní n.k. kl. 15.

Fundi slitið kl. 16:00.